

5. mál Umræða um ferðakostnað kjörinna fulltrúa í borgarstjórn og fyrirtækjum borgarinnar (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er nú farið að líða fram á kvöld og ég skal reyna að vera tiltölulega stuttur um tillögu sem þó er afar þýðingarmikil því að hún fjallar um það í grundvallaratriðum hvernig borgarfulltrúar standa að verki varðandi ráðstöfun fjármuna í eigin þágu. En þar finnst mér oft vanta býsna mikið upp á að sparnaðarhöndin sé jafnvirk eins og kemur að sparnaði hjá öðrum en kjörnum fulltrúum sjálfum þá virðist niðurskurðarhöndin vera svolítið virkari. En þetta er líklega lögmálið í pólitíkinni og fer vaxandi eftir því sem mér sýnist, hafandi verið starfandi hér í Borgarstjórn Reykjavíkur í 20 ár, að kjör atvinnustjórnmálamanna fara stöðugt batnandi á sama tíma og kjör ýmissa annarra fara versnandi af völdum einmitt atvinnustjórnmálamanna og þeirra sem þeir þjóna í svo ríku mæli vertaka, hagsmunaaðila og auðmanna. En ég ætla að vera sem sagt stuttur um stórt mál og setja því fram í svohljóðandi bókun, með leyfi forseta:

Á fundi borgarráðs 25. febrúar sl. var lagt fram svar borgarstjóra vegna fyrirspurnar minnar um ferðakostnað kjörinna fulltrúa í borgarstjórn og í stjórnnum fyrirtækja borgarinnar. Af því tilefni lagði ég fram svohljóðandi bókun:

Ég vek athygli á geysiháum ferðakostnaði Björns Inga Hrafnssonar, Bjarna Ármannssonar, Gísla Marteins Baldurssonar, Dags B. Eggertssonar, Hauks Leóssonar og Kjartans Magnússonar árið 2007, þar sem Björn Ingi er langhæstur með 2,6 milljónir kr. en aðrir áður nefndir einstaklingar með ferðakostnað árið 2007 á bilinu 1,4-1,9 milljónir kr. Árið 2008 eru 5 einstaklingar með ferðakostnað yfir kr. 1 milljón (á bilinu 1,1-1,6 milljónir kr.), þau Sigrún Elsa Smáradóttir, Kjartan Magnússon, Ásta Þorleifsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir. Árið 2009 er ferðakostnaður Hönnu Birnu Kristjánsdóttur langhæstur eða 1,5 milljónir kr. en auk hennar nemur ferðakostnaður Óskars Bergssonar og Guðlaugs G. Sverrissonar yfir 1 milljón kr. Ég tel svo háan ferðakostnað óverjandi á tímum samdráttar og rekstrarerfiðleika hjá Reykjavíkurborg. Loks er vakin athygli á því að ferðakostnaður hvers einasta borgarfulltrúa fjórflokksins árin 2007, 2008 og 2009 er yfir 1 milljón kr. á meðan ferðakostnaður undirritaðs er kr. 100 þúsund.

Þessu til viðbótar vek ég athygli á eftirfarandi staðreyndum. Ferðakostnaður eina borgarfulltrúa minnsta flokksins í borgarstjórn, Framsóknaflokksins árin 2007-2009 nemur hvorki meira né minna en 4,5 milljónum kr. á meðan kostnaður vegna ferða borgarfulltrúa F-listans sem er 60% stærri flokkur í borgarstjórn en

Framsóknarflokkurinn nemur aðeins 100 þús. kr. Munurinn er 45-faldur, munurinn er 45-faldur. Framsóknarflokkurinn hefur þannig verulega sérstöðu í grófri og óvandaðri meðferð almannafjármuna á þessu sviði. Til frekari samanburðar er ferðakostnaður 7 borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins árið 2007-2009 kr. 17 milljónir eða kr. 2,4 milljónir á hvern borgarfulltrúa. Ferðakostnaður 4 borgarfulltrúa Samfylkingar nemur kr. 7,2 milljónum kr. á sama tímabili eða sem samsvarar kr. 1,8 milljónum á hvern borgarfulltrúa. Ferðakostnaður 2ja borgarfulltrúa VG á árinu 2007-2009 nemur 3,3 milljónum kr. eða sem samsvarar kr. 1,6 milljónum á hvern borgarfulltrúa. Það er því brýnt að leggja fram tillögu til úrbóta á þessum háa ferðakostnaði fjórflokksins í borgarstjórn.

Fjórflokkurinn hefur þegar vísað frá tillögu minni um að hámarka ferðafjölda kjörinna fulltrúa við eina ferð á ári. Ég legg hins vegar nú fram svohljóðandi tillögu sem ég óska eftir að verði tekin á dagskrá þessa fundar og gengið til atkvæða um:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fela borgarstjóra að gera tillögur um hámarksgreiðslu vegna ferða kjörinna fulltrúa í borgarstjórn. Markmið tillagnanna verði að draga verulega úr ferðakostnaði kjörinna fulltrúa frá því sem nú er. Ennfremur er þeim eindregnu tilmælum beint til stjórna fyrirtækja borgarinnar að dregið verði úr ferðakostnaði stjórnarmanna.

Ég legg fram þessa bókun forseti um leið að óska eftir að sú tillaga sem um er getið í bókuninni verði tekin á dagskrá.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og lagt fram bókun, og auk þess tillögu sem krefst afbrigða. Þeir sem samþykkja að taka tillöguna á dagskrá gefi merki. [Frammícall] Ég mun heimila það þegar að verður búið að taka tillöguna á dagskrá eða ekki samþykkja. Þeir sem samþykkja að taka tillöguna á dagskrá gefi merki. Má ég fá skýra atkvæðagreiðslu. Þeir sem samþykkja að taka tillöguna á dagskrá. Þeir sem eru á móti. Tillagan er samþykkt með 10 atkvæðum gegn 1, aðrir sitja hjá. Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi hefur óskað eftir að taka til máls og ræða fundarsköp.

5. mál Umræða um ferðakostnað kjörinna fulltrúa í borgarstjórn og fyrirtækjum borgarinnar (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég tek undir það með borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur að þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem þetta er til umræðu hér. Ég man nú ekki hversu oft borgarfulltrúinn hefur tekið þetta til umræðu hér á þessum vettvangi og ég held að það sé alveg ljóst hversu lengi og hversu oft sem við tökum þessa umræðu að við erum ekki öll alveg sammála um þetta. Borgarfulltrúinn telur að það sé til dæmis og telur það til hnjóðs fyrir suma og telur það mikinn kost hjá sér sjálfum að hafa ekki ferðast nema fyrir 100 þús. kr., að hafa sem sagt farið í eina ferð á vegum borgarinnar. Ég er ekki sammála því. Og þar bara liggur fyrir að við erum ósammála um það og ég skil ekki að við sem að gegnum ákveðnum störfum, ég veit ekki hversu oft undirrituð og fleiri sem hér sitja neita því að fara í umræddar ferðir en í sumum tilvikum eru þær metnar mikilvægar fyrir borgina og mér finnst einkennilegt að láta það alltaf líta út eins og það séu einhverjar einkaferðir, sem auðvitað er ekki.

Og við þær aðstæður sem við búum núna og lifum núna, að þá held ég alveg eins og borgarstjórn hefur reyndar ályktað um ítrekað og þarna er unnið núna að í starfshópi sem að kemur að því verkefni um alþjóðamál, þá er það talið sérstaklega mikilvægt fyrir lönd, fyrir samfélög og fyrir borgir að eiga gott samstarf við nágranna sína. Og við áttum til dæmis hér fund sem að borgarfulltrúinn tók nú þátt í með borgarstjórum og forystufólki á vettvangi borganna hér í kringum okkur, okkar nágrannaborga. Og ég get ekki séð að sú ferð til dæmis sem að þeir þá fara frá sínum heimalöndum hingað sé eitthvað sem eigi að telja þeim til lasts. Ég gat ekki betur séð en að við værum öll að vinna vinnuna okkar þar og fá ákveðnar upplýsingar og sinna þeim verkefnum sem okkur er treyst fyrir. Og ég ætla ekki að taka þá umræðu aftur. Ég get bara ekki fallist á það að allt slíkt sé merki um bruðl og óhóf.

Auðvitað á að gæta aðhalds í því eins og öllu öðru og það hefur verið gert, og menn gæta sannarlega aðhalds í því, en gera það þó með því markmiði að það skaði ekki hagsmuni borgarinnar. Að við tökum þátt í þeim föstu fundum og þeim verkefnum sem tengjast höfuðborginni, það eru fastir samráðsfundir og það þekkir Ólafur F. Magnússon sem fyrrverandi borgarstjóri, bæði á vettvangi

Bstj. 2. mars 2010

Norðurlandanna og á vettvangi borga hér í Evrópu, sem er afar mikilvægt að við tökum þátt í og við höfum gert það og þannig verðum við að halda áfram. En allt sem að borgarfulltrúinn nefnir varðandi það að sýna ráðdeild í því og hagræðingu, ég tek undir það allt saman. Og þess vegna leggjum við í meirihlutanum til svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg á margvíslegt samstarf við aðrar borgir og stofnanir og tekur þátt í alþjóðlegri samvinnu sem mikilvægt er að sinna. Kostnaður vegna þessa samstarfs er haldið í algjöru lágmarki án þess þó að það skaði hagsmuni Reykjavíkur. Eins og margoft hefur komið fram hefur verið gætt sérstaks aðhalds í ferðakostnaði við þá rekstrarhagræðingu sem farið hefur fram hjá Reykjavíkurborg og sá kostnaður minnkað umtalsvert. Ekki stendur annað til en að halda áfram á þeirri braut. Því er tillaga Ólafs F. Magnússonar óþörf og lagt til að henni sé vísað frá.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu og flutt frávísunartillögu við tillögu borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarstjóra.

5. mál Umræða um ferðakostnað kjörinna fulltrúa í borgarstjórn og fyrirtækjum borgarinnar (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég þakka borgarstjóra í sjálfu sér fyrir ágætlega málefnalegt svar, þó að ég sé í grundvallaratriðum ósammála borgarstjóra um það að það sé eitthvað hóf á því að einn borgarfulltrúi Framsóknarflokksins ferðist fyrir 4,5 milljónir kr. á kostnað borgarbúa á þremur árum. En ef við leggjum saman kostnað Björns Inga Hrafnssonar árið 2007 og Óskars Bergssonar árið 2008-2009 fáum við þessa upphæð. Ég segi nú bara að ef við færum nú öll að ferðast fyrir svona upphæð hvað yrði nú þá um borgarsjóð. Þetta er náttúrulega ekkert eðlilegt. Þetta er bara bruðl og sukk og misnotkun á almanna fé að ferðast svona mikið.

Og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri hefur ekki of góða stöðu sjálf. Hún hefur ferðast á þessum þremur árum fyrir 3,4 milljónir kr. og það er einfaldlega bara alltof há upphæð. Það verður þess vegna að finna einhvern milliveg í þessu sambandi. Ég er ekki að biðja borgarstjóra að taka mig til fyrirmyndar á þessu sviði. En það að það séu svona vissir einstaklingar sérstaklega úr meirihluta flokkunum hér í borgarstjórn sem skagi verulega upp úr í ferðakostnaði, það finnst mér ekki viðunandi. Ég endurtek 4,5 milljónir eða 3,4 milljónir á einn borgarfulltrúa á þremur árum er alltof há upphæð.

Ég hef samanburð í þessum efnum. Ég er sérmenntaður læknir þar sem reglur eru mjög skýrar. Við megum fara í eina ferð á ári það er aðeins borguð ein ferð og eitt ráðstefnugjald og kostnaður umfram það er bara greiddur úr eigin vasa. Mér finnst það ósköp eðlilegt að borgarfulltrúar hafi ekki sko tugamargfeldi betri kjör heldur en sérmenntað fólk í þessu landi til að sinna viðhaldsmenntun sinni eða hæfni sinni til starfa. Á milli 5-10 ferðir á ári, ætlar einhver að segja mér að það sé nauðsynlegt, að það sé við hæfi á sama tíma og það er kreppa í borginni og verið að skera niður samsvarandi atriði hjá hinum almenna starfsmanni borgarinnar? Nei, þetta er ekki í lagi og ég mun að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn frávísunartillögunni og áskil mér rétt til bókunar, forseti.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Og fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Jú, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson tekur til máls.

5. mál Umræða um ferðakostnað kjörinna fulltrúa í borgarstjórn og fyrirtækjum borgarinnar (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður eða blanda mér ýtarlega í þær. Ferðalög hafa lengi verið mikið til umræðu þegar að hérna stjórnámálemenn og embættismenn og jafnvel háskólamenn annars vegar. Ég held að ég hafi skrifað eina af mínum fyrstu blaðgreinum sem stúdent til að mótmæla sérstaklega einhverjum uppslætti í nafna mínum Degi, sem þá var að finna, því að sí og svo margir starfsmenn Háskólans höfðu ferðast fyrir sí og svo mikið fé. Og ekki ætla ég að halda því fram að ég muni greinina orðrétt en hún var eitthvað á þá leið að ef að við ætluðum að verða samfélag sem að gerði það tortryggilegt og setti háskólamönnum skóinn fyrir dyrnar í því að ferðast að, þá væri alveg augljóst að við fengjum slaka akademíu, vegna þess að hún er í eðli sínu alþjóðleg og byggir á því að safna þekkingu þar sem að hún er best til. Og ég held að þetta eigi við um miklu fleiri svið samfélagsins líka stjórn málin að þau þurfa að læra af öðrum löndum, öðrum fordæmum og svo framvegis.

Hitt er alveg hárrétt og það undirstrikar það eða útskýrir hvers vegna í raun þessi tortryggni gagnvart ferðalögum er býsna landlæg á Íslandi, að ferðalög voru mjög lengi tengd við einhvers konar munað og sérkjör, þ.e.a.s. þá gastu verslað á sérkjörum, þá komstu í áfengi eða hvað það nú var sem að var ekki á hvers manns færi í haftasamfélaginu, þannig að þetta er einhver umræða sem menn hafa kannski tekið almennilega. Vegna þess að hin hliðin á peningnum er auðvitað alveg rétt að það er til óhóf í öllu og við þurfum auðvitað að passa okkur í því hvernig við förum með fé, hvort sem að það er í ferðalögum eða öllu öðru.

Og þess vegna hafa lengi verið til reglur um það hvaða svona formkröfu þarf að uppfylla þegar að ferðalög eru annars vegar, bæði hjá embættismönnum sem þurfa að bera það undir sinn æðsta yfirmann, en líka hjá stjórnámálemönnum sem að minnsta kosti lengi bjuggu við þær reglur að það þurfti að tilkynna það sérstaklega í hverju fagráði ef um ferðalög var að ræða. Og það er bara eðlileg regla til þess að það séu engin leyndarmál í því, enda á enginn að þurfa að skammast sín fyrir ferðalög.

En síðan er það hitt og af því höfum við reyndar nýlegt dæmi að sá skellur sem að borgarstjórn fékk í gegnum REI-málið botnaði meðal annars í því, að borgarstjórn var sammála um það að stjórnámálamenn þyrftu að hafa nánara og betri innsýn í verkefni og gjörðir þess fyrirtækis heldur en áður hafði verið, og tveir borgarfulltrúar Kjartan Magnússon og Sigrún Elsa Smáradóttir tóku sæti í stjórn félagsins. Eitt af því sem að þau gerðu býsna snemma á því ferli var að fara í ferðir til þess að skoða verkefni félagsins sem voru á býsna afviknum stöðum, eðli málsins samkvæmt. Þetta hefur nýlega verið gert tortryggilegt í blaðaumfjöllun, sem hittist þannig á að var á sama tíma og prófkjör beggja þessara einstaklinga og ættu þó í raun að vera dæmi um það að þarna voru í þessu tilviki stjórnarmenn að sinna ákveðnum skyldum, sem að þau áttu einfaldlega nokkuð erfitt með að afsala sér í hendur einhverra annarra.

Um leið voru þessar ferðir á svo afvikna staði að þær voru mjög dýrar og þau stóðu þess vegna nokkuð vel til höggsins að búa til hneykslunarhellu yfir því hvað einstök ferð kostaði. Og ég geng þess ekki dulinn að þessir einstaklingar pöntuðu ekki þessar ferðir sínar sjálfir, en þær voru vissulega býsna dýrar, en nauðsynlegar. Og voru taldar svo nauðsynlegar að þær ættu ekki bara erindi við þessa tilteknu stjórnámálamenn, heldur fóru þau í sérstök blaðaviðtöl þegar að þau komu heim til þess að lýsa því hvað fyrir augum bar. Ég held til dæmis að það hafi verið heilt opnuviðtal við borgarfulltrúa Sigrúnu Elsu Smáradóttur í blaði sem þá hér 24 stundir frekar en Blaðið um það í hverju þessi verkefni fólust og svo framvegis.

En það er nú reyndar mjög umhugsunarvert þegar að maður sá alla þessa umfjöllun og mátaði hana svo í heildarsamhengi alls ferðakostnaðar borgarfulltrúa þegar að heildarlistinn er lagður fram, eins og var gert í borgarráði í síðustu viku, að þessi tveir borgarfulltrúar skera sig ekkert sérstaklega úr og sérstaklega ekki Sigrún Elsa Smáradóttir í því heildarsamhengi öllu saman. Þannig að ég held að við þurfum bæði að gæta hófs og það er alveg rétt, en við þurfum líka að gæta ákveðinnar sanngirni í þessari umræðu og gera bara þá kröfu til sjálfra okkar og annarra stjórnámálamanna að það liggi fyrir markviss tilgangur hvernar ferðar, að það séu færð rök fyrir því að hún sé nauðsynleg, bæði áður en hún er farin og eftir að heim er komið. En við skulum heldur ekki láta eins og það verði ekki alltaf

hluti af starfsskyldum stjórnenda, hvort sem að það eru stjórnámálamenn eða hérna yfirstjórn í fyrirtækjum að kynna sér alþjóðlega strauma og stefnur og það sem til gagns getur verið. Vegna þess að jafnvel þó að netið sé gott og maður prenti út skýrsluflóðið og læri sannarlega mjög margt þá leiðina að þá er líka sumt sem er „sjón er sögu ríkari“. Þannig að ég vildi fyrst og fremst koma hér upp til þess að segja þetta og í raun undirstrika að mér fannst þessi umfjöllun á dögnum um ferðakostnað í þessu tilviki vera ósanngjörn. Og ég held raunar að flestir ef ekki allir hér í borgarstjórn geti tekið undir það.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá verður tekin til afgreiðslu sú tillaga ... Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon óskar eftir að taka til máls öðru sinni.

5. mál Umræða um ferðakostnað kjörinna fulltrúa í borgarstjórn og fyrirtækjum borgarinnar (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það var ágætt að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson skyldi vekja sérstaka athygli á því hér í ræðu sinni að þau Kjartan Magnússon og Sigrún Elsa Smáradóttir hafa með engum hætti skorið sig úr varðandi háan ferðakostnað hér í gegnum árin. Ég hef spurt mjög oft um þessi mál og veit raunar að áður en Sigrún Elsa varð stjórnarmaður Orkuveitunnar og lent í þessari löngu ferð sem varð svona dýr, þá var hún með einn lægsta ferðakostnað allra borgarfulltrúa, svo að því sé til haga haldið. Enda hef ég í mínu yfirliti hér á engan hátt verið að draga einhverja persónu sérstaklega út úr fyrir tiltekið verkefni.

Ég hef einfaldlega birt listann yfir ferðakostnaðinn eins og hann er og blasir við þessi síðustu þrjú ár og það ber að taka tillit til þess að sumir þeirra borgarfulltrúa sem þarna eru á lista hafa verið starfandi öll þessi þrjú ár á vettvangi borgarstjórnar og jafnvel líka hjá fyrirtækjum borgarinnar. En ég vakti sértaka athygli og dreg engu á það og mér er sama hvað borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni og hugsanlega borgarstjóra líka, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, og augljóslega mínum harðasta andstæðingi hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur, mér er alveg sama hvað þeim finnst, mér er alveg sama hvað þeim finnst þegar að ég segi; að ferðakostnaður Björns Inga Hrafnssonar árið 2007 á einu ári upp á 2,6 milljónir – upp á 2,6 milljónir, er ekki í lagi.

Þetta stenst enga skoðun og vitnar um græðgi og vanhæfni borgarfulltrúans til að gegna sínum störfum enda þurfti hann vegna spillingar að segja af sér í byrjun árs 2008. Ég er ekkert að hlífa mönnum við því ef þeir hafa ekki verið heiðarlegir í sínum störfum, þá bara kemur það upp á yfirborðið. Ég veit að ég er ekki að skora hjá ykkur kollegum mínum hér í borgarstjórn með því, enda hef ég fengið að finna fyrir meiri illsku af ykkar hálfu en nokkur annar borgarfulltrúi í gegnum tíðina. Og mér er bara alveg sama um það. Fyrr skal ég fylgja sannfæringu minni og fá hlutina upp á borðið heldur en að kóa eða alkóa með ykkur borgarfulltrúar góðir.

Ég ætla að lesa einfaldlega upp þennan lista yfir 19 borgarfulltrúa og stjórnarmenn í fyrirtækjunum sem höfðu yfir einnar milljón króna ferðakostnað á þessum

þremur árum. Og vil taka sérstaklega fram að sumir þessara aðila voru bara í þessum stjórnnum eða sem borgarfulltrúar eitt einasta ár á þessu tímabili: Björn Ingi Hrafnsson, Bjarni Ármannsson, Haukur Leósson og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur mér vitanlega ekki verið aðalborgarfulltrúi nema síðan í kosningunum 2009, þegar að borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir gerðist þingmaður og síðan ráðherra. Ég ætla að lesa einfaldlega þennan lista yfir 19 borgarfulltrúa og stjórnarmenn í fyrirtækjum borgarinnar, og tek það aftur fram sem ég hef sagt að allir nema sá sem hér talar eru með yfir eina milljón króna í kostnað. Og ég segi að þetta er nokkuð hár kostnaður, án þess að ég sé að ætlast til þess að menn séu með jafnlítinn kostnað og sá sem hér talar.

Ég dreg engan dul á það að ég er starfandi læknir með borgarfulltrúastörfunum og það finnst mér mikill kostur af því að ég er þá óháður fjárstyrkjum eða framlögum og þarf ekki að selja samvisku mína hér og hef aldrei gert það á tuttugu ára ferli mínum í borgarstjórn. Ég hef ávallt verið sannfæringu minni trú og ég er ekki atvinnustjórnmalamaður. Ég starfa í stjórnámálum af einlægri hugsjón og brennandi áhuga á vissum málum, sérstaklega þau mál sem varða réttlætiskennd mína og velferðarmál, umhverfismál og öryggismál. [Frammícall] Hvað sagðir þú, frú borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir, hvað sagðir þú? Viltu gjöra svo vel að koma hér í pontu.

Forseti: Ég vil biðja borgarfulltrúa ... hann hefur orðið á fundinum.

Ólafur F. Magnússon: Ég þarf eiginlega að halda aftur af mér til að vera ekki með skæting. Ég vil bara fullvissa hana um að ég hef ekki meiri mætur á henni en hún á mér. Ég bið hana um að leyfa mér að tala samt óáreittum, truflaðu mig ekki, borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir, mér líður ekkert vel að hlusta á þig.

En ég ætla að lesa þetta upp aftur jafnvel þó borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir grípi fram í fyrir mér undir lestrinum og hefst nú lesturinn:

Kostnaður vegna ferða borgarfulltrúa og stjórnarmanna í fyrirtækjum borgarinnar árin 2007-2009. Kjartan Magnússon kr. 3,7 milljónir; Hanna Birna Kristjánsdóttir kr. 3,4 milljónir; Björn Ingi Hrafnsson kr. 2,6 milljónir sat aðeins í eitt ár; Dagur B. Eggertsson kr. 2,5 milljónir; Gísli Marteinn Baldursson kr. 2,3 milljónir; Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson kr. 2,3 milljónir; Sigrún Elsa Smáradóttir kr. 2,2 milljónir; Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir kr. 2 milljónir; Óskar Bergsson kr. 1,9

milljónir; Bjarni Ármannsson kr. 1,9 milljónir; Jórunn Frímannsdóttir kr. 1,7 milljónir; Júlíus Vífill Ingvarsson kr. 1,5 milljónir; Haukur Leósson kr. 1,5 milljónir; Björk Vilhelmsdóttir kr. 1,3 milljónir; Oddný Sturludóttir kr. 1,2 milljónir; Guðlaugur Sverrisson kr. 1,2 milljónir; Svandís Svavarsdóttir kr. 1,1 milljón; Sóley Tómasdóttir kr. 1,1 milljón og Þorleifur Gunnlaugsson kr. 1,1 milljón.

Það kæmi mér ekki á óvart að umræðan lengdist eitthvað hér af því að ég geri fastlega ráð fyrir því að, það kæmi mér á óvart ef borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir kæmi ekki hér með einhver fleiri smekklegheit í minn garð, eins og ég er vanur, eða réttara sagt ósmekklegheit.

Og ég endurtek það að frá því að ég hóf störf í borgarstjórn árið 1990 og hef verið starfandi læknir og ég tel það mjög slæmt ef í Borgarstjórn Reykjavíkur sitja eingöngu menn sem hafa atvinnu af því og hagsmuni af því að tryggja sér ávallt endurkjör í Borgarstjórn Reykjavíkur. Til þess þurfa menn að hafa styrktaraðila og oftast að vera á spenanum hjá hagsmunaaðilum. Það þekki ég vel frá þeirri tíð sem ég var í Sjálfstæðisflokknum hvað menn voru þar ófeimnir við að ganga hagsmuna annarra en þeirra sem þeir voru í forsvari fyrir sem er almenningur í borginni – kjósenda. Og þetta vita náttúrulega allir að Framsóknarflokkurinn gengur fyrst og fremst út á eigin hagsmuni. Þessir tveir flokkar hafa algjöra sérstöðu enda orsökðu þeir hrunið umfram nokkra aðra hér í þessu landi.

En ég ætla að verja enn einu sinni frá því að ég tók sæti hér í borgarstjórn 1990 þá hafa hér verið starfandi menn úr atvinnulífinu, hvort sem að þeir eru læknar, smiðir, múrarar eða annað. Og ég bara vona að þróun verði ekki eins og Sóley Tómasdóttir þráir svo mjög að hér verði eingöngu atvinnustjórnámálamest og hún verði laus við karlrembur og lækna eins og mig, sem fara svo fyrir brjóstid á henni. Kannski rætist það ef óskir hennar og sífelldur áróður fjölmiðlamanna gegn þeim sem hér talar og hans líkum gengur fram.

En ég er staðráðinn í því að breyta þeim spám sem nú spá til dæmis borgarstjórnarflokkurinn Vinstri grænna 19% fylgi í næstu kosningum. Ég segi að það sé útilokað með oddvita eins og Sóleyju Tómasdóttur. Og ég endurtek að þessir hlutir eiga allir að vera uppi á borðinu og þó að ég sé búinn að tala tvisvar að þá áskil ég mér rétt til að svara eða yfir mig dynja fleiri ósmekklegheit af hálfu tiltekinna borgarfulltrúa, eins og ég er vanur. En ég læt þá ekki takmarka málfrelsi

mitt og tillögurétt í borgarstjórn og ég þakka forseta fyrir að standa vörð um lýðræðisleg réttindi mín hér í borgarstjórn.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Þá verður tekið til afgreiðslu sú frávísunartillaga sem að hér var kynnt áðan. Þeir borgarfulltrúar sem að greiða henni atkvæði gefi merki. [Frammícall] Það er frávísunartillaga sem var kynnt hér áðan hverjir greiða henni atkvæði. Má ég fá skýra atkvæðagreiðslu ... [frammícall]. Forseti verður að sjálfsögðu við þeirri beiðni, þrátt fyrir að það sé búið að kynna þetta nokkuð ýtarlega, en forseti mun verða við þessari beiðni og les fyrst tillöguna, hún hljóðar svona:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fela borgarstjóra að gera tillögur um hámarksgreiðslu vegna ferða kjörinna fulltrúa í borgarstjórn. Markmið tillagnanna verði að draga verulega úr ferðakostnaði kjörinna fulltrúa frá því sem nú er. Ennfremur er þeim eindregnu tilmælum beint til stjórna fyrirtækja borgarinnar að dregið verði úr ferðakostnaði stjórnarmanna.

Síðan er flutt hér frávísunartillaga af hálfu borgarfulltrúa B og D, hún hljóðar svo:

Reykjavíkurborg á margvíslegt samstarf við aðrar borgir og stofnanir og tekur þátt í alþjóðlegri samvinnu sem mikilvægt er að sinna. Kostnaður vegna þessa samstarfs er haldið í algjöru lágmarki án þess þó að það skaði hagsmuni Reykjavíkur. Eins og margoft hefur komið fram hefur verið gætt sérstaks aðhalds í ferðakostnaði við þá rekstrarhagræðingu sem farið hefur fram hjá Reykjavíkurborg og sá kostnaður minnkað umtalsvert. Ekki stendur annað til en að halda áfram á þeirri braut. Því er tillaga Ólafs F. Magnússonar óþörf og lagt til að henni sé vísað frá.

Og það er þessi síðasta tillaga svo að það sé alveg skýrt sem ég var að lesa sem að ég er að bera undir atkvæði og þeir sem samþykkja þá tillögu gefi merki. Er einhver á móti. Tillagan er samþykkt með 8 atkvæðum gegn 1. Aðrir borgarfulltrúar sitja hjá. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon áskilur sér rétt til bókunar. [Frammícall] ... bókun Samfylkingarinnar ... Já, það er sjálfsagt að verða við þeirri beiðni á þessu stigi málsins. Dofri Hermannsson borgarfulltrúi gerir grein fyrir bókun Samfylkingar vegna liðs númer 4 sem er lántaka Orkuveitu Reykjavíkur samanber 12. lið fundargerð borgarráðs frá 25. febrúar.

[Sjá neðan við umræður um 4. mál]

Bókun við 5. mál (flutt síðar á fundinum)

Ólafur F. Magnússon: Forseti. Vegna þeirrar frávísunartillögu sem var samþykkt hér vegna tillögu minnar um aukið aðhald í ferðakostnaði legg ég fram svohljóðandi bókun:

Það er fráleitt að vísa frá tillögu um aukið aðhald í ferðakostnaði kjörinna fulltrúa, enda eru þessi mál í miklum ólestri innan Borgarstjórnar Reykjavíkur og hjá stjórnnum fyrirtækja borgarinnar.

Ég afhendi forseta þetta síðan hreinritað innan stundar.

Forseti: Þá er tekinn fyrir næsti liður á dagskrá sem er fundargerð borgarráðs frá 18. febrúar, fundargerð borgarráðs frá 25. febrúar. Það er lokið afgreiðslu á málum 12. liðar og 17. liðar. Enginn hefur kvatt sér hljóðs og umræðu lokið.

Þá er 7. liður á útsendri dagskrá, það er fundargerð forsætisnefndar frá 26. febrúar, fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 22. febrúar, fundargerðir íþrótt- og tómstundaráðs frá 5. og 12. febrúar, fundargerð mannréttindaráðs frá 11. febrúar, fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 22. febrúar, fundargerð menntaráðs frá 24. febrúar, fundargerðir skipulagsráðs frá 17. og 24. febrúar, fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 9. og 23. febrúar, fundargerðir velferðarráðs frá 10. og 12. febrúar. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur kvatt sér hljóðs vegna 7. liðar. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon tekur nú til máls.